

Borgarbyggð
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 2. febrúar 2024
UST202401-366/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 - Íþróttasvæði O1 - Íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði Þ3 í Borgarnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 25. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 fyrir íþróttasvæði O1, íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði Þ3 í Borgarnesi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að afmörkun svæðis O1 verður breytt og það stækkað til suðurs umhverfis félagsheimilið og út fyrir íbúðarhús nr. 5 við Þorsteinsgötu þar sem heimilað verður niðurrif. Auk þess verður til samræmis reitur Þ3 minnkaður sem og íbúðarsvæði Í4.

Einnig segir að með þessu næst betri heild fyrir íþróttasvæðið enda liggur félagsheimilið mun lægra í landi og með breytingunni skapast einnig möguleiki til þess að byggja við núverandi íþróttahús inn á lóð við Þorsteinsgötu 5.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur